

**Fundargerð hverfisnefndar Oddeyrar 8. mars 2005,  
haldinn í matsal Oddeyrarskóla kl. 17:30**

Mætt voru: Jón Einar, Guðný, Hjalti, Unnar

Gestur fundarins var Guðmundur Sigvaldason, frá tækni- og umhverfisviði Akureyrarbæjar, sem var kominn til að ræða við nefndina um endurnýjun verkefnisins Staðardagskrá 21, sem stendur fyrir dyrum.

Guðmundur er í vinnuhópi um endurskoðun á Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri, ásamt tveimur aðilum frá umhverfisnefnd Akureyrarbæjar. Hann velti því upp hvaða aðkomu nefndin kysi að hafa að endurskoðun á Staðardagskrá 21.

Í þessa endurskoðun er komnar útlínur. Verkefninu hefur verið skipt í 6 kafla, sem eru mun færri en var, en gömlu kaflarnir fylgja með aftanvið með útskýringum um hvað var gert með þá. Þessir 6 kaflar eru:

1. Lífsstíll, þar sem gengið er út frá heimili og fjölskyldu. Heilsufar.
2. Líffræðileg fjölbreytni. Náttúra og gróðurvernd.
3. Umhverfisstjórnun.
4. Fræðsla.
5. Jöfnun lífsskilyrða í heiminum.
6. Um sveitarfélagið.

Mest af þessu er nú þegar inni en atriðið með jöfnun lífsskilyrða er nýtt.

Síðan Staðardagskráin var unnin fyrir 5 árum hefur margt breyst og margt af því sem kom þar fram hefur komið til framkvæmda, þó að það hafi ekki verið gert í tengslum Staðardagskrána.

T.d. Heilsuefning Akureyrarbæjar, fjölskyldustefna Akureyrarbæjar, það eru komin ný lög um förgun úrgangs. Hrísey, sem sameinaðist Akureyrarbæ, er með verkefni í gangi um sjálfbært samfélag. “Akureyri í öndvegi” er mjög í anda Staðardagskrárinnar um að virkja íbúa, svo sitthvað sé upp talið.

Þeirri spurningu var varpað fram hvar staðan væri verst nú með tilliti til Staðardagskrár 21. Guðmundur treysti sér ekki til að svara því beint, en tók fram að það vantaði uppá eitt atriði, sem væru grænar lykiltölur, því að án þeirra getum við ekki mælt hvað er gott og hvað ekki, hvort okkur er að fara fram, en það þyrftum við að geta.

Rætt um söfnun úrgangs úr görðum, hvort mætti safna heyi úr görðum, mjólkurfernum og blöðum, koma þessu í kerfi, þannig að þessu væri safnað á ákveðnum tímum á ákv. stöðum.

Hjalteyrargata 1, Hjalti kom með útprentun á fundargerð stjórnar Fasteigna Akureyrarbæjar frá 16. júlí 2001 og fundargerð Umhverfisráðs frá 15. ágúst 2001, þar

sem fjallað var um breytingu á skipulagsskilmálum fyrir lóðina Hjalteyrargötu 1, þar sem samþykkt var að heimila byggingu fjölbýlishúsa með 4 íbúðum, í stað parhúsa.

Nefndarmenn voru almennt vonsviknir yfir afgreiðslu íþróttá- og tómstundaráðs á erindi Jóns Einars, sem hann beindi til bæjarfulltrúa, um að beita sér fyrir því að íþróttafélögin í bænum stæðu fyrir íþróttæfingum á sparkvellingum við Oddeyrarskóla. Afgreiðslan þótti snubbótt og lítt rökstudd.

Guðmundur Sigvaldason óskaði að lokum eftir því við nefndina að hún setti á blað punkta um það hvernig hún vildi bæta lífið í hverfinu og stuðla að umhverfisvernd. Ritara falið að setja punkta á blað og senda nefndarmönnum í tölvupósti til íhugunar.

Fundi slitið kl. 19:00  
Unnar Jónsson